



Grunnnámskeið í PMTO fyrir starfsfólk leikskóla í Garðabæ

Ábyrgðarmenn verkefnis: Starfsmenn PMTO teymis í Garðabæ,
Hildigunnur Árnadóttir, Margrét H. Þórarinsdóttir og Sólveig
Steinsson.

Skýrsla fyrir Þróunarsjóðs leikskóla Garðabæjar

Heiti verkefnis: **Grunnnámskeið í PMTO fyrir starfsfólk leikskóla**

Ábyrgðarmenn verkefnis: Starfsmenn PMTO teymis í Garðabæ, Hildigunnur Árnadóttir, Margrét H. Þórarinsdóttir og Sólveig Steinsson.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Að starfsmenn skóla fái í hendur verkfæri til að nýta á jákvæðan og markvissan hátt til að taka á vægari hegðunarfrávikum barna innan skólans. Skólastjórnendur geta komið starfsmönnum sínum á námskeið í grunnaðferðum PMTO þannig að þekkingin komist inn í skólana.

Viðkomandi starfsfólk veitir síðan öðru starfsfólki fræðslu og leiðbeiningar um jákvæðar leiðir til að takast á við vægari hegðunarerfiðleika strax og þeir koma upp. Þannig viðhelst þekkingin innan skólans.

Allir þátttakendur fá námsefni í formi handbókar. Starfsmenn skóla sem lokið hafa Grunnmenntun PMTO öðlast betri færni í að veita foreldrum ráðgjöf strax á fyrstu stigum hegðunarvanda barna þeirra og geta leiðbeint um næstu skref og sértækari aðgerðir, sé þess þörf. Markmið grunnmenntunar í PMTO er að efla þekkingu fagfólks á aðferðum PMTO og nýta þær til að takast á við hegðunarerfiðleika, efla skilning á hegðunarerfiðleikum og mælingum hegðunar. Auka færni í ráðgjöf bæði til samstarfsfólks og foreldra barna vegna hegðunarerfiðleika og efla vitund um hvenær og hvert megi vísa málum sem þarfnast frekari meðferðar.

Með innleiðingu þekkingar á PMTO innan skólanna verður betri og markvissari samvinna milli starfsmanna skóla og fagteymis PMTO á skóladeild og fjölskyldudeild Garðabæjar. Sýnt hefur verið fram á að með aukinni þekkingu á því hvernig bregðast skuli við hegðunarerfiðleikum barna á frumstigum með því að leiðrétta neikvæða hegðun á jákvæðan hátt, ásamt aukinni samvinnu, ráðgjöf og fræðslu til foreldra, dragi úr alvarlegum hegðunarvanda barna. Alvarlegur hegðunarvandi barna getur m.a. haft í för með sér vanlíðan, skert félagsstengsl, samskipta örðugleika innan fjölskyldu ásamt því að aukinni hættu á námserfiðleikum á efri skólastigum.

Leiðir að markmiðum

-framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis

Leitað var eftir samstarfi við PMTO grunnmenntunaraðila í Grindavík. Leiðbeinendur voru Ingibjörg María Guðmundsdóttir sálfræðingur og Thelma Björk Guðbjörnsdóttir félagsráðgjafi. Námskeiðslýsingin var eftirfarandi: *að kenna fagfólki að nota verkfæri PMTO í vinnu sinni og með foreldrum og öðru fagfólki*. Skipulag námskeiðsins svipar til ferlis meðferðar. Það er byrjað á að fara yfir hvað felst í skýrum fyrirmælum, hvatningu, mörkum, lausn vanda, virkum samskiptum, tengslum milli skóla og heimila og tilfinningastjórn. Að auki er í grunnmenntun fjallað um spurningatækni, hvernig hægt er að vinna í gegnum mótþróa, að nota hlutverkaleiki í kennslu og ráðgjöf, að gera grunnmælingar á hegðun og mælingar eftir ihlutun og hvernig haldið er utan um slíkt. Mat á innleiðingu og kennslu þessara þátta er dregin fram með heimaverkefnum og skilaverkefni í lok námskeiðs.

Grunnmenntunar námskeiðið voru sex námskeiðsdagar í fjórum lotum og eru starfstengd verkefni unnin á milli námslota. Þátttakendur á námskeiðinu í Grindavík voru leikskólakennarar í Grindavík og Garðabæ. Fimm starfsmenn frá þremur leikskólum í Garðabæ skráðu sig til leiks.

Í febrúar var haldin kynning fyrir alla stjórnendur í leik – og grunnskólum Garðabæjar. Markmið þess fundar var að kynna fyrir skólastjórnendum þennan möguleika til að efla starfsfólk í starfi. Á þessum fundi sagði þátttakandi í Grunnáminu frá upplifun sinni af námskeiðinu, kostum þess og göllum og kynnti lokaverkefni sitt. Einnig komu á fundinn Edda Vikar frá Miðstöð PMTO á Íslandi sem sagði í stuttu máli frá aðferðum PMTO, hugmyndafræði og niðurstöðum ýmissa rannsókna sem sýna fram á gagnsemi aðferðarinnar.

Einnig fluttu Hulda Jóhannsdóttir leikskólalastjóri Króks í Grindavík og Bylgja Kristín Héðinsdóttir aðstoðaleikskólalastjóri erindi þar sem þær fóru yfir fimm ára reynslu sína af innleiðingu PMTO í Grindavík og hvaða jákvæðu áhrif grunnmenntun starfsfólks á Króki hefur haft á starfið innan leikskólans og gildi öflugs

samstarfs leikskólans og skóla- og félagsþjónustunnar. Greindu þær frá því að sú markvissa nálgun sem farin væri til að draga úr hegðunarerfiðleikum barna með aðferðum PMTO hefði haft öflugt forvarnargildi fyrir börn og fjölskyldur þeirra og valdeflt starfsfólk leikskólans í að mæta hegðunarerfiðleikum barna á jákvæðan hátt. Þær undirstrikuðu einnig í erindi sinu að leikskólinn Krókur ynni eftir samskiptastefnunni „Rósemd og umhyggja” og að aðferðir PMTO samrýmdust vel þeirri stefnu. Ofangreindir aðilar gáfu allir vinnu sína.

Upphaf

Námskeiðið var 6 skipti í heildina. Tvisvar sinnum tveir dagar samliggjandi og síðan tveir stakir dagar. Alltaf frá 9 – 16.

Lota 1: þri-mið, 19.-20. sept.

Lota 2: fim-fös, 19.-20. okt.

Lota 3. Mið, 29. nóv.

Lota 4: fös, 12. jan.

Hindranir

Styrkur sá sem fékkst frá þróunarsjóði leikskóla kr.500.000, hefði dugað skammt til að halda námskeið eingöngu fyrir starfsfólk leikskóla í Garðabæ með kennurum frá PMTO Miðstöðinni. Væntingar okkar voru að fá Margréti Sigmarsdóttur og samstarfskonur hennar til að halda námskeiðið en Margrét er sá frumkvöðull sem stóð fyrir innleiðingu PMTO á Íslandi í upphafi og fékk til liðs við sig gott og kröftugt fólk. Til að draga úr kostnaði var leitað eftir samstarfi við Grindavík, en þar stóð til að halda PMTO námskeið fyrir grunnenntunaraðila. Kostnaður fyrir hvern þátttakanda á námskeiðinu var eftirfarandi:

Hver dagur: kr. 10.000.

Sex dagar: kr. 60.000.

Veitingar: kr. 15.000.

Starfsfólk Grindavíkur greiddi ekki fyrir námskeiðið þar sem námskeiðshaldarar og þátttakendur voru starfsmenn hjá Grindavíkurbæ.

Þegar dagsetningar námskeiðsins lágu fyrir kom í ljós að starfsmenn leikskóla höfðu verið boðaðir á annað námskeið sem skaraðist við einn dag af þessum sex. Þátttakendur í grunnnámskeiði PMTO völdu allir að fara á PMTO námskeiðið en um leið skapaði fjarveran erfiðleika í mannahaldi leikskólans. Nauðsynlegt er að hafa gott samráð um þau námskeið sem starfsmönnum leik –og grunnskóla býðst að fara á og mikilvægt að það komi ekki niður á starfi leikskólans.

Mat á verkefninu

Þátttakendur voru mjög ánægðir með námskeiðið, skipulag og innihald og eru umsækjendur í þróunarsjóðinn stoltar af þessum áfanga, enda er mikill metnaður í Garðabæ fyrir að stuðla að eflingu starfsfólks og áhersla lögð á að innleiða færni sem byggir á bestu mögulegu þekkingu á hverjum tíma. PMTO er eitt þeirra verkfæra sem byggir á öflugum rannsóknargrunni og telst því til gagnreyndra aðferða.

Haldinn var „Boost“ fundur þar sem þáttakendur PMTO grunnnámskeiðs komu og ræddu við starfsmenn PMTO teymis í Garðabæ. Voru starfsmenn leikskóla einróma sammála um að þetta námskeið hefði eflt þá í starfi. Þeir töldu sig hafa fengið tæki í hendurnar til að efla samstarfsfólk sitt í að taka á krefjandi hegðun barna, draga úr mótþróa barnanna en einnig til að nýta í foreldrasamtölum. Þeir töluðu um að verkfæri PMTO væri jákvæð leið til að leiðbeina starfsfólki um hvernig best væri að tala við börn, gefa skýr fyrirsmæli og fylgja þeim eftir á jákvæðan hátt.

Þátttakendur voru allir sammála um það væri kostur ef fleira starfsfólk á leikskólum væru með þessa menntun ekki síst stjórnendur, sérkennslustjórar og deildarstjórar enda sé jafningjastuðningur mikilvægur í að viðhalda og nýta þá þekkingu sem er til staðar .

Þáttakendur voru einnig sammála um að PMTO styrkti hugmyndafræði þá sem hver og einn leikskóli vinnur eftir því grunnurinn væri jákvæðni, hvernig talað væri við og til barnanna, hvernig fyrirmælum er fylgt eftir og eflingu á samvinnu við leikskóla.

Ráðstöfun styrks

-Afrakstur ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Fimm fagmenntaðir starfsmenn þriggja leikskóla í Garðabæ sóttu námskeiðið sem haldið var í Grindavík. Kostnaður við námskeiðið var kr. 75.000 á þátttakanda eða kr. 375.000 í heildina. Inn í þessari upphæð voru einnig námskeiðsgögn og veitingar. Því er ljóst að með því að komast inn á námskeið hjá Grindavík þá sparaðist kr. 125.000 af upphaflegri styrkuppþæð.

Næstu skref

Áhugi hefur verið bæði hjá stjórnendum leik- og grunnskóla að senda fleiri fagmenntaða starfsmenn á grunnnámskeið í PMTO en PMTO teymi Garðabæjar hefur einnig mikinn metnað fyrir því að tryggja sem flestu starfsfólki leik- og grunnskóla grunnmenntunarnámskeið og stuðla þannig að beitingu bestu mögulegu þekkingar í að takast á við hegðunarvandkvæði barna og stuðla þannig að bættari lífsskilyrðum barna og fjölskyldna þeirra.


Nú í haust 2018 er fyrirhugað að halda á ný grunnnámskeið í PMTO í samvinnu við Grindavík. Höfum við níu sæti á því námskeiði (heildarfjöldi er 18) og hefur strax myndast biðlisti. Bæði leik- og grunnskólar hafa aðgang að því námskeiði. Leiðbeinendur á námskeiðinu verða þeir sömu með þeirri breytingu að Garðabær getur að þessu sinni teft sínum meðferðaraðila fram, Thelmu Björk Guðbjörnsdóttur, en hún er félagsráðgjafi hjá fjölskyldusviði Garðabæjar og hefur réttindi til að halda námskeið af þessu tagi. Námskeiðið verður haldið til skiptis í Grindavík og í Garðabæ, þannig að húsnæðiskostnaður og veitingakostnaður deilist jafnt á milli sveitarfélaga.

Kostir þess að halda slík námskeið í samvinnu við annað sveitarfélag er sá að umræður milli þátttakenda verða líflegri og dýpri þar sem þátttakendur koma úr mismunandi aðstæðum í sínum sveitafélögum.

PMTO teymi Garðabæjar þakkar innilega fyrir þann styrk sem fékkst til að stuðla að valdeflingu og bættari færni meðal starfsfólks í Garðabæ sem vinnur með börnum. Sýnt hefur verið fram á öflugt forvarnargildi PMTO verkfæranna sem við í teyminu viljum tryggja öllum íbúum Garðabæjar og um leið stuðla að bættari lífsskilyrðum barna og fjölskyldna í Garðabæ.

Með virðingu og vinsemd,


Hildigunnur Árnadóttir, umsjónarfélagsráðgjafi í fjölskyldudeild


Margrét H. Þórarinsdóttir, sérkenntslufulltrúi í skóladeild


Sólveig Steinsdóttir, umsjónarþroskabjálfi í fjölskyldudeild

